

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. desember 2013 R2013120003
T-ums 21/13

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003,
um tekjuskatt - 175. mál, þskj. 210**

Ríkisskattstjóri hefur þann 2. desember 2013 mótttekið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði sérstakar skattvilknanir fyrir þá sem leggja myndu fyrir inn á sérstaka húsnæðissparnaðarreikninga. Samkvæmt frumvarpinu fá reikningseigendur sérstakra húsnæðissparnaðarreikninga sérstakan skattaafslátt ásamt því sem vextir af umræddum reikningum verði undanþegnir fjármagnstekjuskatti. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að börn undir 16 ára aldri fái einnig skattaafslátt og að óráðstöfuðum afslætti þeirra verði ráðstafað til framfærenda.

Af þessu tilefni bendir ríkisskattstjóri á að skattkerfið er fyrst og fremst tekjuöflunarkerfi fyrir ríkissjóð. Allar sértækar aðgerðir sem ætlað er t.a.m. að hvetja til sparnaðar eða nota til jöfnunar flækja kerfið, gera það ómarkvissara og dýrt. Umræddar aðgerðir sem boðaðar eru með frumvarpi því sem hér er til umsagnar falla í þann flokk. Ef ákvæði þessi yrðu að lögum myndi skattfrákvæmd verða flóknari og ómarkviss svo sem nánar verður rakið í einstökum liðið síðar í umsögn þessari.

Lagatæknilegar athugasemdir:

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að nýr stafliður bætist við 67. gr. laga um tekjuskatt, sem hafi að geyma ákvæði sem lúta að stofnun húsnæðissparnaðarreikninga, skilyrði skattaafsláttar, hámarksfjárhæð afsláttar o.fl.

Ríkisskattstjóri leyfir sér að gera athugasemdir við eftirfarandi atriði:

- *Skattfrelsi vaxtatekna af húsnæðissparnaðarreikningi.*
Frumvarpið gerir ráð fyrir að vextir af húsnæðissparnaðarreikningi verði undanþegnir skattskyldu sbr. 2. gr. frumvarpsins, og er gert ráð fyrir að ákvæði um slíkt verði lögfest í 3. mgr. 66. gr. tekjuskattslaga. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur skal innheimta í staðgreiðslu tekjuskatt af vöxtum og arði. Samkvæmt 2. gr. laganna eru allir þeir sem fá vaxtatekjur og arðstekjur skyldir til að greiða skatt og sæta innheimtu hans í staðgreiðslu. Frumvarp það sem hér er til umsagnar hefur ekki að geyma ákvæði sem undanþiggur umrædda vexti frá staðgreiðslu. Þannig myndu þau fjármálafyrirtæki sem bjóða slíka reikninga vera skylt að halda eftir staðgreiðslu af vöxtum og skila henni til innheimtumanns.

Ríkisskattstjóri telur að ekki sé unnt að koma við undanþágu frá staðgreiðslu sbr. m.a. athugasemdir hér á eftir sem lúta að stofnun fleiri en eins húsnæðissparnaðarreiknings.

- *Hver maður getur aðeins átt einn húsnæðissparnaðarreikning.*

Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins kemur fram að hver maður geti eingöngu átt einn húsnæðissparnaðarreikning og í 2. mgr. er svo að finna ákvæði þar sem umræddum reikningum er lýst nokkuð. Þar kemur fram að um sé að ræða sérstaka reikninga sem stofnaðir séu til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Viðskiptabankar og sparisjóðir sem bjóða upp á slíka reikninga þ.m.t. þeir sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðrum ríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum, skuli fá staðfestingu ráðherra.

Ríkisskattstjóri bendir á að það geti verið vandkvæðum bundið að koma í veg fyrir að hver maður stofni eingöngu einn húsnæðissparnaðarreikning. Ljóst er að viðskiptabankar og sparisjóðir upplýsa ekki hvorn annan um hvort einhver tiltekinn maður hafi stofnað slíkan reikning hjá sér enda eru þeir bundnir þagnarskyldu samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Þannig gæti sú staða komið upp að maður á tvo eða fleiri slíka reikninga og þá þyrfti ríkisskattstjóri að taka afstöðu til hvaða reikningur ætti að veita rétt til skattafsláttar. Hið sama gildir um skattfrelsi af vaxtatekjum umræddra reikninga - ríkisskattstjóri þyrfti að velja hvaða vextir það væru sem njóta ættu skattfrelsis ef viðkomandi skattaðili á tvo eða fleiri slíka reikninga.

- *Að tekjuári liðnu skulu þeir viðskiptabankar og sparisjóðir sem fengið hafa staðfestingu veita ríkisskattstjóra upplýsingar.*

Í 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að viðskiptabankar og sparisjóðir sem fengið hafa staðfestingu ráðherra eigi að veita ríkisskattstjóra upplýsingar á því formi sem hann ákveður um innstæður hvers manns á húsnæðissparnaðarreikning, um innlegg og úttektir af slíkum reikningum á árinu og önnur atriði sem máli skipta. Ríkisskattstjóri bendir á af þessu tilefni að ákvæðið geri ennfremur ráð fyrir því að erlendar fjármálastofnanir geti boðið slíka reikninga til íslenskra skattaðila. Íslensk skattyfirvöld hafa aftur á móti engin lagaleg úrræði til að knýja erlendar fjármálastofnanir til að skila inn umræddum upplýsingum enda nær íslensk lögsaga ekki til erlendra fjármálafyrirtæki sem ekki reka hér á landi starfsstöð eða útibú.

- *Húsnæðissparnaðarreikningar skulu vera bundnir til 10 ára frá þeim tíma er fyrst var lagt inn á reikning.*

Í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins kemur fram að innstæða skuli vera bundin í 10 ár frá þeim tíma sem fyrst var lagt inn á reikninginn. Ennfremur er að finna ákvæði um hvernig með skuli fara ef skattaðili festir ekki kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota, hefur byggingu á slíku húsnæði eða ræðst í endurbætur. Ríkisskattstjóri bendir á að í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði um það hver eigi mat á því hvort að innstæða skuli vera laus til ráðstöfunar. Ef það skal vera sú fjármálastofnun sem reikningurinn er stofnaður í er ljóst að samræma þarf túlkun allra þeirra stofnana sem upp á slíka reikninga bjóða. Þá er ekki heldur að finna í frumvarpinu hvað grípa eigi til bragðs ef féð er ekki lagt inn á reikning innan þriggja mánaða frá því að innstæðan var laus til útborgunar ef ekki verður af kaupum, byggingu eða endurbótum eða hver eigi að sinna því eftirliti. Ríkisskattstjóri bendir á í þessu sambandi 4. mgr. 1. tölul. B-liðar 30. gr. í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

- *Börn skulu njóta skattafsláttar skv. 1. mgr. vegna tekna sem um ræðir í 2. mgr. 64. gr.*

Ríkisskattstjóri telur að hér sé um stjórnálalega ákvörðun að ræða og telur ekki efni til að tjá sig um þetta atriði.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir